

Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
310 BORGARNES

Garðabær, 2. nóvember 2023  
Málsnúmer: 202306-0029  
SS

**Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar.**

Vísað er í erindi frá Borgarbyggð í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna verslunar- og þjónustusvæðis í landi Signýjarstaða.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar þann 6. júlí 2023. Í þeirri umsögn kom fram að Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við áformaða breytingu. Um lítið landsvæði væri að ræða með lágt verndargildi og ólíklegt að væntanlegt rask vegna uppbyggingar mannvirkja myndi hafa mikil umhverfisáhrif. Helst ætti að huga að hæfilegri fjarlægð frá Hvítá.

Engar forsendubreytingar hafa orðið síðan lýsingin var kynnt og frekari útfærslur á uppbyggingu munu koma fram í deiliskipulagi. Náttúrufræðistofnun hefur því ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

